

Sp. 720. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um aðstoð til frumbýlinga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, með hverjum hætti unnt sé að láta þeim í té, er búskap hefja í sveit, fjárhagsaðstoð til nauðsynlegra kaupa á bústofni og verkfærum, og leggja síðan tillögur sínar í þessu efni fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Sakir hins háa verðlags, sem nú er á öllu í landinu, er þeim mönnum flestum, er búskap vilja hefja, um megn að afla sér af eigin rammleik nauðsynlegasta bústofns og allra nauðsynlegustu verkfæra.

Fullvíst er, að nú mundu miklu fleiri menn fara að búa í sveit, ef þeir sæju einhver ráð til þess að afla sér þeirra nauðsynlegustu fjármuna, er til þess þarf. Lítil bústofn og nauðsynlegustu verkfæri, svo sem heyvinnuverkfæri og jarðyrkju-áhöld, kosta nú svo tugum þúsunda skiptir, auk alls annars, sem kaupa þarf og hverjum bónda er nauðsynlegt. Slík fjárráð hefur allur þorri manna ekki, og sízt ungir menn.

Það er til lítills að vera að tala um fólksfjölgun í sveitum, ef ekki eru gerðar þær ráðstafanir, sem gera þarf, til þess að fólkið geti stofnað heimili í sveit. Á engur riður meira en að greiða svo fjárhagslega fyrir þessu fólki, að ef það hefur áhuga á og vilja til að hefja búskap, þá sé því gert það mögulegt. Þá virðist það og ljóst, að í mörgum kauptúnum og sumum kaupstöðum landsins skortir fólkið verkefni og afkomumöguleika. Við eigum nóg landrými til þess að unnt sé að stofna heimili í sveit og lifa á moldinni með aukinni tækni og ræktun. Í sveitum landsins getur lifað góðu lífi mörgum sinnum fleira fólk en nú býr þar. En til þess að greiða götu þeirra kauptúnabúa, er kynnu að hafa hug á að flytja sig í sveit og fara að búa, þarf vafalaust að veita þeim mörgum hverjum fjárhagslegan stuðning. Fáum fjármunum mundi betur varið en þeim, er gengju til þessarar fyrirgreiðslu.

Vil ég vænta þess, að Alþingi og ríkisstjórn bregðist vel við þessu máli. Mun fátt þýðingarmeira eða fremur aðkallandi.